

Ed

438. Nefndorátt

um frumvarp til laga um bankaráð Íslands.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir nú rætt og athugað frumvarpið. Hún litur svo á, að hjer sje um mikilsvert mál að ræða, þar sem er yfirumsjón með bönkum og sparisjóðum landsins.

En nefndina greinir nokkuð á um það, hvort heppilegra sje að koma skipun á nauðsynlegt eftirlit með þessum stofnunum með bankaráði, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, eða með því, að skipaður sje til þess sjerstakur yfirumsjónarmaður.

Þá eru sumir nefndarmenn þeirrar skoðunar, að þetta aukna eftirlit mundi ekki þurfa að ná til hinna minni sparisjóða eða þeirra, sem standa undir beinu eftirliti sýslunefnda.

Með því að mál þetta þarfnast rækilegri athugunar og betri undirbúnings en önnur kafin þingnefnd getur veitt, leggur hún til, að því sje visað til stjórnarinnar með svo hljóðandi

ROKSTUDDRI DAGSKRÁ.

Deildin lítur svo á, að mál þetta verði ekki rannsakað nægilega nú á þinginu, en felur stjórninni að undirbúa málið og leggja tillögur sínar um það fyrir næsta þing, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. apríl 1923.

Guðm. Ólafsson,
form. og frsm.

Karl Einarsson,
fundaskrifari.

Sigurður Jónsson.